

„Við vonum að okkur hafi tekist að bjarga lífum“

Söfnuðu sex milljónum til að gera forvarnarmyndband



Hópurinn Hér má sjá hlaupahópinn og félagi þeirra koma í mark á sunnudaginn.

„Við erum alveg í skýjunum eftir þetta,“ segir Anna Gunnhildur Ólafsdóttir, framkvæmdastjóri Geðhjálp, en félagið, ásamt Hjálparsíma Rauða krossins og tólf manna hlaupahóp, hefur staðið fyrir átakinu og forvarnarverkefninu „Útmeð'a“, gegn sjálfsvígum ungra karla á Íslandi. Hlaupahópurinn fór hringinn í kringum landið á fimm dögum og safnaði áheitum. Áheitin verða svo nýtt til að gera gagnvirkt myndband sem á að ná til ungmenna í haust. „Við höldum að vitundarvakningin færi af stað í haust með myndbandinu en raunin varð sú að á meðan hlaupararnir fóru hringinn tók samfélagið við sér,“ segir Anna Gunnhildur. Til mikils er að vinna, fjórir til sex ungir menn falla árlega fyrir eigin hendi og er brýnt að ná til ungmenna og veita þeim aðstoð sem allra fyrst. Margir ungir menn, þar á meðal íþróttamenn, hafa stigið fram og sagt frá andlegum veikindum og geðsjúkdómum í kjölfar átaksins. Sex milljónir hafa safnast.

„Við sjáum að það eru fleiri sem hafa hringt í 1717 til að leita sér aðstoðar. Hlaupararnir urðu varir við það líka að fólk hafði þörf fyrir að tjá sig við þá og ræða um hlutina. Þetta voru miklu meiri viðbrögð en við bjuggumst við. Um leið og fólkið okkar var að hlaupa vaknaði annað fólk til vitundar,“ segir hún og nefnir dæmi af manni sem slóst í hópinn með hlaupurum og á sprettinum sagði hann frá sinni eigin reynslu af því að missa fólk sem var honum náði. „Við vonum að okkur hafi tekist að bjarga lífum,“ segir Anna Gunnhildur.

<http://www.dv.is/frettir/2015/7/12/vid-vonum-ad-okkur-hafi-tekist-ad-bjarga-lifum/>